



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 20. september 2021

R21010110

280

ep/ak

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Reglur samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- lífskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðissráðs þann 14. janúar 2021, var samþykkt hjálögð tillaga um stofnun samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífskoðunarfélaga.

Óskað er nú eftir að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki meðfylgjandi drög að reglum samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- lífskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri

Hjálagt:

Drög að reglum samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífskoðunarfélaga

Tillaga um stofnun samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú - og lífskoðunarfélaga, ásamt fylgiskj.

Reglur samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umboð

1. gr

Samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu starfar í umboði mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í þessum reglum.

Tilgangur og markmið

2. gr

Reykjavíkurborg leggur áherslu á jafnræði, mannréttindi og samvinnu við íbúa, sem stjórnvald, atvinnurekandi og veitandi þjónustu. Allar stofnanir borgarinnar vinna markvisst og skipulega að því að móta og byggja upp þjónustu, menningarstarf, fræðslu og upplýsingamiðlun í þágu jafnréttis og margbreytilegs samfélags þannig að allir hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í þeim á sínum forsendum.

Markmið með samráðsvettvangi Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er að skapa farveg fyrir samskipti milli Reykjavíkurborgar og trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og fólks með mismunandi viðhorf og skapa tækifæri til að auka gagnkvæma virðingu og skilning meðal ólíkra hópa og ræða þær áskoranir innan borgarsamfélagsins sem hóparnir standa frammi fyrir.

Samráðsvettvangurinn er mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til ráðgjafar um málefni og hagsmuni skjólstæðinga sinna. Á dagskrá funda skulu tekin mál sem þátttakendur í samráðsvettvanginum hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir. Á fundunum skulu þátttakendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og vekja athygli á áskorunum sem mæta skjólastæðingum þeirra.

Skipan

3. gr.

Trú- og lífsskoðunarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem skráð eru í samræmi við lög nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög stendur til boða að tilnefna fulltrúa til að taka sæti í samráðsvettvanginum fyrir þeirra hönd. Þar að auki stendur þjóðkirkjunni til boða að tilnefna fulltrúa, sbr. lög nr. 77/2021 um þjóðkirkjuna.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar kallar eftir tilnefningum og hefur umsjón með samráðsvettvanginum.

Þá getur samráðsvettvangurinn boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem hann telur þörf á hverju sinni.

Boðun funda

4. gr.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa boðar þátttakendur samráðsvettvangsins á sameiginlegan fund að jafnaði tvisvar á ári. Óski 1/3 þátttakenda sem tilnefnt hafa fulltrúa í samráðsvettvanginn eftir að haldinn verði aukafundur verður sú beiðni tekin til greina af mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og við því orðið ef erindið er brýnt.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

5. gr.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar stjórnar fundum og fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu rita fundargerð. Fundir verða alla jafna haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar. Fundir eru alla jafna lokaðir, en samráðsvettvangurinn getur haldið opna fundi eftir því sem við á.

Gagnsæi

6. gr.

Fundargerðir samráðsvettvangsins skulu birtar á vef Reykjavíkurborgar.

Tímabundnar samkomutakmarkanir

7. gr.

Á meðan samkomutakmarkanir ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 sjúkdómsins eru til staðar verða fundir samráðsvettvangsins í formi fjarfunda.



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 8. janúar 2021

R21010110

ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Tillaga um stofnun samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga

Lagt er til að stofnaður verði samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar verði leiðtogum skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga boðin þátttaka í samráðsvettvangi innan borgarinnar sem skapa á farveg fyrir samskipti milli trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og fólks með mismunandi viðhorf. Þar gæfist tækifæri til að auka gagnkvæma virðingu og skilning meðal ólíkra hópa, ræða þær áskoranir innan samfélagsins sem hóparnir standa frammi fyrir og eftir atvikum vinna tillögur varðandi hagsmuni þeirra sem vísað yrði til borgaryfirvalda. Einnig kemur til greina að fulltrúa Hugvísindasviðs Háskóla Íslands verði boðið að koma að skipulagi verkefnisins.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa mun hafa umsjón með samráðsvettvangnum.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Minnisblað um samráðsvettvang Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga

Reykjavík, 8. janúar 2021

R21010110

Lagt fyrir fund mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 14. janúar 2021

Minnisblað

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Sendandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Efni: Samráðsvettvangur Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga

Trúfrelsi er verndað í 63. og 64. gr. Stjórnarskrár lýðveldissins Íslands auk fjölda alþjóðasamninga þar sem fjalla um mannréttindi. Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er fjallað um trúfrelsi í 8. kafla stefnunnar. Þar kemur m.a. fram að borgin leggi áherslu á rétt allra til virkrar þátttöku í reykvísku borgarsamfélagi og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð trú, trúleysi eða skoðunum. Gæta skuli jafnræðis og varast að fella undir sama hatt öll þau sem aðhyllast tilgreind trúarbrögð eða lífsskoðun, eða eru trúlaus.

Í 9. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu er trúfrelsi skilgreint svo að það feli í sér rétt allra til að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi. Frelsi manna til að rækja trú sína eða sannfæringu skuli einungis háð þeim takmörkunum, sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna almannaeilla, til verndar allsherjarreglu, heilsu manna eða siðgæði eða rétti og frelsi. Hugtakið er einnig talið vernda frelsi til að hafa enga trúarskoðun og taka ekki þátt í trúarathöfnum.

Trúfrelsi verður ekki aðskilið öðrum nátengdum mannréttindum sem einnig njóta verndar stjórnarskrárinnar auk fjölda mannréttinasáttmála og yfirlýsinga sem Íslendingar eiga aðild að. Þar má helst nefna jafnræðisreglu 65. gr., hugsana, skoðana- og tjáningarfrelsi 73. gr., félaga- og fundafrelsi 74. gr. og friðhelgi einkalífs 71. gr. Öll þessi ákvæði eiga það sameiginlegt að vernda grundvallarréttindi og frelsi einstaklinga og er þeim ætlað að koma í veg fyrir að nokkur aðhafist neitt með þeim ásetningi að brjóta á réttindum annarra eða gera þau að engu. Hatusorðræða er dæmi um athæfi sem hefur áhrif á og grefur undan rétti annarra til jafnréttis og þess að þurfa ekki að þola mismunun. Hatusorðræða sem látin er óaréitt elur á fordómum og getur haft hrikalegar afleiðingar, jafnvel orðið undanfari hatusglæpa.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á trúfrelsi allra og að öll þjónusta borgarinnar einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmri virðingu, óháð trú- eða lífsskoðunum fólks. Meðal markmiða í aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum fyrir árið 2019-2023 er að tryggja lýðræðislega þátttöku borgarbúa, s.s. með samstarfi við félagasamtök, fyrirtæki, einstaklinga og opinbera aðila við

skipulag viðburða sem sýna fram á að Reykjavíkurborg er borg allra íbúa.¹ Með þessar áherslur í huga leggur mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa til að borgin skipuleggi vettvang fyrir samtal milli borgar og mismunandi trúar- og lífsskoðunarfélaga. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru 52 trú- og lífsskoðunarfélög skráð hér á landi, en til þess að koma verkefninu af stað leggur skrifstofan til að leiðtogum hópa á höfuðborgarsvæðinu, verði boðin þátttaka í samráðsvettvangi innan borgarinnar sem Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hefur umsjón með. Einnig kemur til greina að fulltrúa Hugvísindasviðs Háskóla Íslands verði boðið að koma að skipulagi verkefnisins.

Markmið samráðsvettvangsins er að skapa farveg fyrir samskipti milli trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og fólks með mismunandi viðhorf. Þar gæfist tækifæri til að auka gagnkvæma virðingu og skilning meðal ólíkra hópa, ræða þær áskoranir innan samfélagsins sem hóparnir standa frammi fyrir og eftir atvikum vinna tillögur varðandi hagsmuni þeirra sem vísað yrði til borgaryfirvalda.

Achola Otieno, sérfræðingur í málefnum innflytjenda

Guðrún Elsa Tryggvadóttir, lögfræðingur

¹ Aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum fyrir árið 2019-2023, 11. aðgerð.